



Íslensk menning og alþjóðleg sýn

● Umfangsmikil yfirlitssýning á verkum Birgis Andréssonar opnuð á Kjarvalsstöðum ● Sýningarstjórinn Robert Hobbs segir Birgi vera mikilvægan fyrir íslenska listasögu sem og á alþjóðavísu

VIÐTAL

Ragnheiður Birgisdóttir
ragnheidurb@mbl.is



Sterk kímni gáfa, leikur með liti og vangaveltur um hinn íslenska þjóðararf í alþjóðlegu samhengi er meðal þess sem einkennir verk myndlistarmannsins Birgis Andréssonar (1955-2007). Umfangsmikil yfirlitssýning á verkum hans verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 29. janúar. Sýningin ber titilinn *Eins langt og augað eygir* og tekur yfir nær alla Kjarvalsstaði. Þar er opið alla daga vikunnar frá kl. 10-17.

Í tilkynningu frá safninu segir að Birgir hafi verið leiðandi afl í íslenskri myndlist í meira en 30 ár en hann féll frá langt fyrir aldur fram.

Hinn bandaríski listfræðingur Robert Hobbs sér um sýningarstjórn. Hann er prófessor í listfræði og hefur í sínum rannsóknum einbeitt sér að tuttugustu öldinni. Hann hefur bæði starfað við háskólana Yale og Cornell í Bandaríkjunum auk þess sem hann hefur stöðu prófessors við hina virtu listadeild við Virginia Commonwealth University. Hann hefur einnig mikla reynslu af sýningarstjórn en þetta er í fyrsta sinn sem hann stýrir sýningu úr fjarlægð en hann er staddur í Bandaríkjunum vegna faraldursins. Hann nýtur trausts stuðnings Ásmundar Hrafn Sturlusonar, sem er hönnuður sýningarinnar, og starfsfólks Listasafns Reykjavíkur.

Heillandi og mikilvæg

Hobbs kynntist verkum Birgis í Sean Kelly Gallery í New York fyrir um áratug og segist strax hafa heillast af þeim. Fyrir tilstilli Barkar Arnarsonar sem rekur galleríð ið spurði eigandi gallerísins Hobbs hvort hann hefði áhuga á að vinna með verk Birgis. Sýningarskrá sem Listasafns Íslands hafði gert um sýningu Birgis vakti athygli hans og hann sló til. „Ég hugsaði strax með mér að ég myndi njóta þess að vinna




Morgunblaðið/Árni Sæberg

Uppsetning Í vikunni unnu starfsmenn Listasafnsins hörðum höndum að því að setja upp verk Birgis. Hér má sjá „Afríku“-röð listamannsins, textaverk sem eru í hinu „Íslenska“ litakerfi sem hann notaði mikið í verkum sínum.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Verk „Nálægð, þekking, lestur“ komið upp á vegg á Kjarvalsstöðum.



Ljósmynd/Jean Crutchfield

Sýningarstjóri Listfræðingurinn Robert Hobbs stýrir sýningunni.

með verk Birgis. Sú vinna er heillandi, viðamikil og mikilvæg,” segir Hobbs.

„Eitt af því sem hefur vakið athygli mína er sú alþjóðlega hugmyndarfræðilega sýn sem Birgir hefur. Hann kynntist þeirri sýn bæði þegar hann var í listnámi hjá Magnúsi Pálsyni, Dieter Rith og Robert Filliou í Reykjavík og í Jan van Eyck akademíunni í Hollandi. Birgir horfði á íslenskar hefðir frá alþjóðlegu sjónarhorni. Svo það er visst samtal eða spennan sem þróast milli þessara tveggja póla. Þetta stöðuga samtal breytir skilningnum á íslenskar hefðir en á móti hafa íslensku hefðirnar áhrif á hið alþjóðlega sjónarhorn.“

Af virðingu en þó gagnrýninn

Í list sinni leitaði Birgir í brunn íslenskrar menningar, sagna, hefða og handverks þjóðarinnar. Hann velti fyrir sér sambandi þess staðbundna og þess hnattþræna og hvernig það hefur áhrif hvort á annað. Hobbs segir að það að hann sé sjálfur Bandaríkjamadur hafi hjálpað honum að kunna að meta hvernig íslensk hefð hefur orðið til í gegnum aldirnar og sjá utan frá hvernig þjóðerniskennnd Íslendinga var hálfpartinn persónugerð og nýttist í sjálfstæðisbaráttunni. Hobbs bendir á að Ísland hafi breyst mikið og hafi orðið fyrir miklum áhrifum að utan á tuttugustu öldinni og því hafi Birgir tekið eftir. „Birgir skoðar íslenska menningu á gagnrýninn hátt en þó af væntumþykju. Hann ber virðingu fyrir henni og nýtur hennar en sér líka hvernig þessi umbreyting hefur orðið. Hann meðhöndlar þetta með skemmtilegu háði,” segir Hobbs.

„Þetta er eitt af þeim verkefnum

það reynist sífellt stærra og mikilvægara fyrir listasöguna því meira sem ég kafa ofan í það. Ég held að Birgir sé mjög mikilvægur fyrir íslenska listasögu en sé ekki síður þjóðingarmikill á alþjóðavísu. Hann var vinur Lawrence Weiner, þekktu bandarísku konseptlistamanns. Þegar ég tók viðtal við Weiner áður en hann dó lagði hann áherslu á að í hvert sinn sem hann heimsótti Ísland þá hefði hann hlakkað til að eyða tíma með Birgi því hann hefði verið svo klár og spurt svo gáfulegra spurninga. Birgir var líka kunningi listamannsins Donalds Judd. Birgir var afar virtur meðal kollega sinna, bæði á Íslandi og erlendis. Þegar kemur að konseptlist þá er hann einn af örfáum sem hafa fengist við liti. Það er svo erfitt að henda reiður á liti sem fyrirbæri og ég held að hann hafi haft sérstaklega gaman af því.“

Húmorinn skín í gegn þegar Birgir vann hinar frægu veggmyndir sínar í litum sem hann kallaði „Íslenska“. Hobbs bendir á að hann sé í raun og veru að nota sænskt litakerfi, alþjóðlegt kerfi, sem hann heldur fast í að kalla „Íslenska liti“. „Hann leikur sér í raun með hvað er íslenskt og heldur því opnu. Hvað er þjóðarlitur? Litur er ekki eitthvað sem þú getur neglt niður og skilið. Hvernig Birgir notar liti er gott dæmi um þá kímni-gáfu sem hann bjó yfir.“

Sem dæmi um annars konar verk sem tekur á hinu þjóðlega og hinu alþjóðlega eru þau sem Birgir kallaði „Nýbúa“. Hann plantaði fræjum hinna ýmsu ávaxta í dösnum undan niðursuðuvörum frá Ora og varpaði þannig ljósi á þann fjölda innflytjenda sem streymdi til landsins. Ljósmyndir Birgis af Oradósunum sem hafa orðið fyrir erlendum áhrifum eru meðal þeirra yfir eitt hundrað verka sem verða til sýnis á Kjarvalsstöðum.

Verk að láni frá The Met

Listaverkin koma meðal annars úr safneign Listasafns Reykjavíkur, Listasafns Íslands og Nýlistasafnsins en einnig frá innlendum og erlendum einkasöfnunum. Eitt verkið er síðan fengið að láni frá The Metropolitan Museum of Art í New York. Það er stór veggmynd í fallegum ljósbláum tón sem er einn af þessum „Íslensku litum“. Sýningarstjórar þar vildu halda verkinu á íslensku í stað þess að þýða það yfir á ensku og því stendur skýrum stöfum „Eins lagt og augað eygir“, sem titill sýningarinnar vísar í. Þá verða einnig til sýnis þrjú prjónuðu fánarnir sem Birgir sýndi á Feneyjartvíðeringnum árið 1995.

Listamaðurinn var alinn upp hjá blindum foreldrum og bjó með þeim á heimili fyrir blinda. „Ég held það hafi gríðarleg áhrif á hann og hans list. Sumir hafa fjáð að því að það hafi verið synd að foreldrar hans hafi verið blindir og jafnvel að hann hafi fundið fyrir sektarkennd yfir að hafa gerst sjónlistamaður. En í raun var því öfugt farið. Hann átti í góðu sambandi við föður sinn og það að hann hafði verið alinn upp meðal blindra valdefldi hann sem barn. Eftir að hann gerðist listamaður leiddi hann foreldra sína um og lýsti listaverkum sínum fyrir þeim. Það gæti verið ein af skýringunum af hverju hugmyndafræðin á bak við listina varð honum mikilvæg. Það var honum augljóslega mikilvægt að geta útskýrt lista fyrir þeim.“

Samhliða sýningunni kemur út stærðarinnar bókverk með verkum listamannsins sem ber titilinn *In Icelandic Colours*. Ragnar Kjartansson, sem var nemandi Birgis, skrifar formála, Robert Hobbs skrifar um Birgi frá sjónarhóli listfræðinnar og loks er í verkinu að finna viðtöl Prastar Helgasonar við listamanninn sjálfan. Þröstur skráði árum saman hnyttu Birgis og heimspeki, endurminningar og frásagnir og gaf út á bók árið 2010.